



Viðstaddir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kópavogi
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Rósa Steingrímsdóttir	RS	Hafnarfirði
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

Páll B. Guðmundsson

Ómar Einarsson

23.06.2022

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tilföni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 23.06.2022 kl. 11.30.

1

Síðasta fundargerð

Fundargerð 10.06.22 samþykkt samhljóða.

2

Salerni Suðursvæði

MÁ lagði fram minnisblað frá Ferli um yfirferð tilboða, þar sem fram kemur að tilboð lægstbjóðanda er gilt og lagt að því verði tekið. Minnisblaðið hefur verið yfirfarið af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur.

- ⇒ HH mun taka saman minnisblað um innkaupaferilinn í samvinnu við MÁ. Minnisblaðið verður lagt fyrir stjórnarfund SSH 05.07 ásamt tillögu um að lægsta tilboði verða tekið enda rúmast það innan kostnaðaráætlunar.

3

Lyftur Bláfjöll

Þrjú tilboð bárust við endur auglýsingu snjógirðinga, þar af tvö undir kostnaðaráætlun.

- ⇒ MÁ falið að setja verkefnið í gang

4

Gönguskiðasvæði Bláfjöll

MÁ hefur unnið áætlun um ráðstöfun fjárveitingar (100 m.kr) í einstök verkefni. Ekki er full samstaða við Ull um val á snjótroðara.

- ⇒ Forsvaramenn Ullar verða boðaðir á næsta fund stýrihóps (04.07)

Gerð snjógirðinga meðfram skíðagönguleiðum er eitt af verkefnunum. Girðingarnar liggja meðfram núverandi slóðum og unnt að reisa þær án rasks á landi. Um er að ræða afturkræfa framkvæmd.

- ⇒ VSÓ vinnur að samráði við UST o.fl. um leyfismál.

5

Skálafell

Fyrirspurn um matsskyldu er tilbúin og verður send inn í vikunni eftir yfirlestur EKS.

6

Snjóframleiðsla 1 áfangi

Útboðsgögn snjóframleiðslu og borunar eftir framleiðsluvatni eru tilbúin, og heimild stjórnar SSH til útboðs liggur fyrir.

- ⇒ EKS hefur sent Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur útboðsgögnin. IKR annast auglýsingu og umsjón útboðsins.

7

Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður mán 04.07 kl. 12.00.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn